

Ed.

587. Nefndarálit

[8. mál]

við frv. til l. um ráðstafanir í sjávarútvegsmálum.

Frá minni hl. sjávarútvegsnefndar.

Frumvarp þetta er lagt fram til staðfestingar á bráðabirgðalögum sem ríkisstjórnin gaf út 27. maí 1983. Þá hafði ríkisstjórnin nýlega tekið við völdum og var tilkynnt að þessar ráðstafanir ættu m. a. að mæta rekstrarvanda í sjávarútvegi, einkum í útgerð fiskiskipa.

Sjávarútvegsnefnd efri deildar hefur fjallað ítarlega um frumvarpið og hafa þar komið fram sjónarmið hagsmunaaðila. Minni hl. nefndarinnar hefur einkum gagnrýnt tvo efnisþætti frumvarpsins, og svo hafa hagsmunaaðilar einnig gert, þ. e. í fyrsta lagi 1. og 2. gr., sem fjallar um kostnaðarhlut útgerðarinnar, og í öðru lagi 3. gr. sem fjallar um gengismun.

1. Kostnaðarhlutur útgerðar.

Undirrituð gera sér fyllilega ljóst að vandi útgerðar er verulegur og hefur svo verið um langt skeið. Stjórnvöld hafa ekki haft burði til að búa svo að þessari undirstöðuáttvinnugrein þjóðarinnar að viðunandi rekstrargrundvöllur hafi verið fyrir hendi. Skyndiákvæðanir og ístöðuleysi hafa verið í fyrirrúmi. Heildaryfirsýn hefur skort. Það er þess vegna sem sjómenn og útgerðarmenn standa varnarlausir þegar sérstök áföll eiga sér stað.

Sú ákvörðun að taka upp sérstakan kostnaðarhlut útgerðar hefur í för með sér að olúfsjóður og olúgjald er fellt niður. Að vissu leyti er það einföldun á kostnaðarliðum sem telja má af því góða.

Það er hins vegar staðreynd að kostnaðarhlutur útgerðar er langtum hærra en nokkur rök eru fyrir. Má í þessu sambandi geta þess að verðlag á olíu og olíuvörum hefur farið lakkandi og ekki verður séð að breyting verði þar á. Frumvarpið kveður á um hærra kostnaðarhlut en olúgjöldin höfðu í för með sér.

Augljóst er að þessi ráðstöfun hefur mjög alvarlegar afleiðingar fyrir afkomu sjómanna. Sjómenn hafa á undanförunum árum mjög lent undir skurðarhnífi stjórnvalda. M. a. þess vegna hafa kjör þeirra versnað meira en nokkurra annarra stétta í landinu. Þessar síendurteknu aðfarir að kjarasamningum sjómanna hafa mjög skert þau hlutaskipti sem gilda eiga milli áhafnar og útgerðar svo að ef fram fer sem horfir hverfur brátt hinn upphaflegi tilgangur hlutaskipta. Sjómannasamtökin hafa af þessu tilefni skorað á hin einstöku sjómannafélög að taka nú þegar til rækilegrar endurskoðunar launakerfi sjómanna. Ályktanir Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands eru prentaðar sem fylgiskjöl með þessu álit.

2. Gengismunur.

Í áratugi hafa stjórnvöld samfara gengisbreytingum gert gengismun upptækan. Þessum fjármunum hefur síðan verið ráðstafað eftir sérstökum reglum hverju sinni. Þessi fjármunartilfærsla er mjög umdeilanleg og telur minni hl. sjávarútvegsnefndar að þessi aðferð sé úrelt og ósanngjörn. Í raun hefur þessi aðferð oft á tíðum það í för með sér að þeir, sem reka sín fyrirtæki af myndarskap, missa fjármuni en hinum, sem oft vegna óstjórnar og reiðileysis sýna lélega útkomu, eru veittir styrkir, þ. e. þeir fá fjármuni sem teknir eru frá hinum

raunverulegu eigendum. Þá er hér yfirleitt um stórfellda fjármunatilfærslu milli landshluta að ræða. Þessar millifærslur þýða það einnig að sjómenn fá ekkert. Fjármunir eru því teknir frá þeim sem þessa fjármuni hafa skapað.

Uptaka gengismunar hefur aldrei verið beitt í öðrum greinum en sjávarútvegi. Aldrei hefur komið til greina að gera slíkt í iðnaði. Ef sömu reglu væri beitt á þeim vettvangi mætti hugsa sér að taka gengismun af Álverinu til að bæta upp rekstrartap Járblendiverksmiðjunnar á Grundartanga. Einnig hefði mátt nota þær rúmlega 5 milljónir dollara sem varnarliðið hagnaðist á gengisbreytingu íslensku krónunnar og kemur fram í minni launakostnaði. Þetta þykja ef til vill fráleitir hlutir, en í raun er hér um sömu aðgerð að ræða og þegar gengismun í sjávarútvegi er ráðstafað.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar telur og fráleitt að beita þessari reglu gagnvart þeim greinum fiskvinnslu sem sannanlega eru reknar með stórfelldu tapi. Svo er þó gert í þessu frumvarpi. Skreiðarverkun hefur átt erfitt uppdráttar að undanfögnu. Er það vegna verðfalls, sölutregðu og seinkunar á greiðslum. Ljóst er að við slíkar aðstæður er fásinna að auka á taprekstur með upptöku gengismunar.

Á síðasta þingi komu þessi mál mjög til umræðu. Lá þá fyrir hliðstætt frumvarp. Þá flutti Matthías Bjarnason breytingartillögu um að taka **ekki** gengismun af skreið. Tillaga Matthíasar Bjarnasonar var svohljóðandi:

„Útfluttar skreiðarafurðir skulu greiddar á því kaupgengi sem í gildi er þegar útflutnings skjöl eru afgreidd í banka við gjaldeyris skil.“

Matthías Bjarnason núverandi heilbrigðisráðherra sagði m. a. í rökstuðningi sínum:

„Ég þarf í raun og veru ekki að bæta við þetta því að ég skýrði frá því hér í dag að ég teldi að sá gengishagnaður, sem reiknað væri með vegna skreiðarafurða, væri ekki fyrir hendi og ekkert útlit fyrir það að hann verði til í náinni framtíð. Ef skreið selst, sem slæmar horfur eru á, þurfa skreiðarframleiðendur fullkomlega á því að halda að afreikna á gildandi kaupgengi bankanna á hverjum tíma. Þess vegna er þessi tillaga flutt.“

Fyrir í umræðunum sagði **Matthías Á. Mathiesen núverandi viðskiptaráðherra** m. a.:

„Væri nú ekki skynsamlegra að falla frá því að greiða í gengismunasjóð þessa upphæð af skreiðarbirgðum sem í landinu eru frá 1982 og að þeir aðilar, sem eiga skreiðina, fái það fjármagn og ríkisstjórnin aðstoði þá og láni þeim út á skreiðarbirgðirnar á meðan þær fara ekki úr landi?“

Ekki vildi **Albert Guðmundsson núverandi fjármálaráðherra** láta sitt eftir liggja. Hann sagði:

„Hann (fyrrv. sjávarútvegsráðherra Steingrímur Hermannsson) talaði um að það væru fleiri krónur sem fengjust væntanlega einhvern tímann þegar skreiðin seldist. Fleiri krónur mikið rétt, en það eru verðlausar krónur. Halda menn virkilega, heldur hæstvirtur sjávarútvegsráðherra að fyrir þær krónur fáiast sama magn af skreið til að selja aftur seinna? Þetta gengur á verðmæti eigenda sjávarútflutningsafurða að sjálfsögðu. Það þýðir ekkert að tala hér eins og verið sé að tala við nýtskrifaða viðskiptafræðinga . . .“ Og áfram: „Þá er búið að draga frá gengismun og það er búinn að hlaðast á vöruna aukakostnaður í geymslu, það er búinn að hlaðast á hana fjármögnunarkostnaður, þannig að jafnvel þótt dollarinn hafi hækkað um 100% á árinu, þá dugar það bara ekki til að standa undir þeim kostnaði . . .“ Og áfram segir Albert: „ . . . það er hrein sjálfsblekking ef menn halda að einstaklingar fáiast til þess að leggja nýtt fé í slíkan rekstur sem sjávarútvegurinn er orðinn . . . Að leggja skatt á styrkþegann og styrkþeginn er undirstöðuáttvinnuvegur þjóðarinnar. Þetta er alveg furðulegt fyrirtæki . . . Ég get ekki með nokkru móti skilið að blankur einstaklingur geti tekið lán hjá sjálfum sér til þess að fjármagna sínar þarfir.“

Umræður um þessi mál vöktu mikla athygli. Sjónvarpað var frá atkvæðagreiðslunni. **Breytingartillaga Matthíasar Bjarnasonar núverandi heilbrigðisráðherra var samþykkt.**

Pótti niðurstaðan mikið áfall fyrir þáverandi sjávarútvegsráðherra Steingrím Hermannsson. Hæstvirtir núverandi ráðherrar, Albert Guðmundsson, Matthías Bjarnason og Matthías Á. Mathiesen sögðu margt fleira en hér er tilgreint um þá fávisku að gera upptækan gengismun af skreið.

Ekki hefur staða þeirra, sem skreiðina eiga, batnað nema síður sé. **Staðan er aðeins breytt að því leyti að þeir sjálfstæðismenn eru nú orðnir húskarlar Steingríms Hermannssonar og verða að hlýða.**

Fulltrúar skreiðarframleiðenda komu á fund sjávarútvegsnefndar. Fram kom að staða skreiðarverkunar er margfalt verri en á sl. ári. Þeir létu nefndarmönnum í té upplýsingar sem birtar eru sem fylgiskjöl með þessu nefndarálit.

Minni hl. sjávarútvegsnefndar leggur til að frumvarp þetta verði fellt. Í fyrsta lagi vegna þess að það gengur mjög á hlut sjómanna og hefur í för með sér stórfellda kjaraskerðingu. Jafnframt er það ljóst að rekstrargrundvöllur útgerðarinnar er ekki tryggður með þessum aðgerðum því að fiskverð og annar aðbúnaður útgerðarinnar er ekki sem skyldi. Í öðru lagi leggjum við til að frumvarpið verði fellt vegna upptöku gengismunar.

Minni hl. mun þó flytja breytingartillögu varðandi upptöku gengismunar af skreið í því skyni að lagfæra verstu agnúa 3. gr. frv. Einnig má ætla að þeir háttvirtir alþingismenn, sem ekki eru bundnir af ráðherradómi, geri sér grein fyrir þeim fátíðni að ætla að gera upptækan gengismun hjá skreiðarframleiðendum sem sannanlega búa við stórfelldan taprekstur.

Alþingi, 9. apríl 1984.

Kolbrún Jónsdóttir,
fundaskr.

Karl Steinar Guðnason,
frsm.

Skúli Alexandersson.

Fylgiskjal I.

Ályktun Sjómannasambands Íslands.

SJÓMANNASAMBAND ÍSLANDS

Fundur sambandsstjórnar Sjómannasambands Íslands, haldinn 7. júní 1983 samþykkir eftirfarandi ályktun: Sambandsstjórn S. S. Í. tekur undir ályktun formannaráðstefnu A. S. Í. varðandi bráðabirgðalög ríkisstjórnarinnar og þær grimmilegu aðgerðir sem í þeim felast gagnvart íslenskri sjómennastétt.

Fundurinn bendir á að á undanförunum árum hafa sjómenn tekið á sig kjaraskerðingu umfram aðra launþega sem við síðustu fiskverðsákvæðanir hefur þó að nokkru verið leiðrétt. Sjómenn eru tilbúnir sem og aðrir launþegar að axla sínar byrðar vegna þess vanda sem nú er í þjóðfélaginu, en ekkert þar umfram.

Þá telur fundurinn að enn hafi stjórnvöld ekki sýnt á borði sinn framgang með lagasetningu eða öðrum hætti þar sem tekið er á verðbólguhvetjandi þáttum þessa þjóðlífs.

Fundurinn vekur athygli á að enn er höggvið í þann sama knérunn af núverandi ríkisstjórn sem aðrar undanfarandi ríkisstjórnir hafa gert sig seka um og sett eru lög er raska enn frekar hlutaskiptakerfi sjómanna. Þessum síendurteknu aðförum að kjarasamningum sjómanna mótmælir stjórn sambandsins harðlega.

Með hliðsjón af ofangreindu skorar stjórn sambandsins á sambandsfélögin að taka nú þegar til rækilegrar athugunar breytingar á launakerfi sjómanna.

Fylgiskjal II.

Ályktun F. F. S. Í.

FARMANNA- OG FISKIMANNASAMBAND ÍSLANDS

Reykjavík, 9. júní 1983.

Vegna bráðabirgðalaga ríkisstjórnarinnar og þeirra ákvæða í þeim er snerta sjómenn ályktar Farmanna- og fiskimannasamband Íslands eftirfarandi:

Með lögum hefur hinn frjálsi samningsréttur launafólks og vinnuveitenda verið afnuminn að hluta, allt til loka maímánaðar 1985.

Hinar sérstöku ráðstafanir til styrktar sjávarútveginum ganga í raun enn frekar en orðið var á þau hlutaskipti er gilda eiga milli áhafnar og útgerðar, svo að ef fram fer sem horfir hverfur brátt hinn upphaflegi tilgangur hlutaskipta.

Á meðan fiskvinnslunni er gert að greiða um 28% hærra verð fyrir aflann fá sjómenn einungis 8% hækkun á sínum hlut, en útgerðin þeim mun meira. Þegar tekin er ákvörðun um jafnafrifaríkar aðgerðir sem þessi stórkostlegi fjármagnsflutningur til útgerðarinnar er ætti einnig að skoða hvaða útgerðir það raunverulega eru sem þurfa á þessari fyrirgreiðslu að halda. Verið er að auka á hagnað betur rekinna útgerða og framlengja dauðastríð annarra sem engan rekstrargrundvöll hafa.

Sjómenn eru reiðubúnir til að leggja sitt af mörkum til að koma íslensku atvinnulífi á réttan kjöl. Samhliða kjaraskerðingum, sem nú dynja á launafólki í formi verðbótaskerðinga og verðhækkana, verður að vinna að uppskurði íslensks efnahagslífs á öllum sviðum, m. a. á allri opinberri þjónustu ríkis og sveitarfélaga, fjárfestingum og hvernig standi á fjölgun alls kyns milliliða sem stöðugt gleypa stærri hluta þjóðarkökunnar.

Fylgiskjal III.

Greinargerð um vanda skreiðarverkenda.

Miðvikudaginn 5. október 1983 var haldinn á Hótel Sögu afar fjölmennur fundur skreiðarframleiðenda. Tilfni fundarins var að ræða þá miklu erfiðleika sem við blasa í þessari grein. Á fundinum voru samþykktar ítarlegar tillögur til að létta vandanum að nokkru af framleiðendum. Kosin var nefnd níu manna sem ætlað var að fylgja samþykktum fundarins eftir. Skipta má verkefnum nefndarinnar í sex meginflokkar:

1. Afurðalán hækki á þegar framleiddri skreið.
2. Inneign í skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs verði að hluta notuð til að greiða fyrirfram upp í væntanlega útgreiðslu úr sjóðnum.
3. Fallið verði frá upptöku 10% gengismunar af skreið.
4. Útflutningsgjald á skreið verði lækkað um helming, úr 5,5% í 2,75%.
5. Veitt verði afurðalán út á alla fullverkaða skreið frá þessu ári.
6. Undirbúin verði ferð bankamanna og ráðherra til Nígeríu til að ná fram tryggari greiðslum og afsetningu skreiðar en verið hefur.

Nokkur árangur hefur þegar náðst fyrir skjót og jákvæð viðbrögð sjávarútvegsráðherra, viðskiptaráðherra og bankanna. Þannig hafa afurðalán verið hækkuð á veðsettum birgðum og lagt hefur verið fram á Alþingi frumvarp um heimild Verðjöfnunarsjóðs til fyrirframgreiðslu. Þessar aðgerðir leysa þó vandann ekki nema að litlu leyti og enn vantar mikið á að viðunandi staða hafi náðst.

Að frumkvæði nefndarinnar hafa verið unnir ítarlegir útreikningar sem varpa skýru ljósi á þá vonlitlu stöðu sem skapast hefur. Meginatriði útreikninganna verða rakin hér á eftir.

— Sérstaklega skal undirstrikað að útreikningar þeir, sem unnir hafa verið fyrir nefndina, eru ekki hefðbundnir rekstrarreikningar og sýna ekki afkomu í skreiðarverkun á árinu 1982 og ekki heldur afkomuna í ár. Í útreikningunum hefur hins vegar verið leitast við að finna allan þann kostnað sem fallið hefur til við framleiðslu og birgðahald þeirrar skreiðar sem tekin var til verkunar á árunum 1981 og 1982 og enn er í birgðum. Á móti þessum kostnaði er í tekjuhlíð sett áætlað söluverðmæti við markaðsverð.

Þessar áætlanir sýna að rúmlega 18% vantar nú upp á að söluverðmæti dugi fyrir þeim kostnaði sem þegar hefur verið lagður út. Til nánari skýringa skal það áréttað að kostnaðurinn hefur ekki verið framreiknaður til verðlags í dag. Í áætlunum er hann tekinn á því verðlagi sem ríkir þegar hann fellur til. Þannig er t. d. hráefniskostnaður á rúmlega eins og hálfis árs gömlu verði. Fjármagnskostnaður fellur til jafnt og þétt þannig að hann tekur mið af vöxtum eins og þeir eru á hverjum tíma. Í tekjuhlíð er miðað við umsamið söluverð til Nígeríu, að teknu tilliti til þeirra erlendu umboðslauna sem viðskiptaráðuneytið hefur samþykkt. Einnig er tekið tillit til þeirrar rýrnunar sem orðið hefur vegna langrar geymslu.

Í skilaverðsútreikningum er reiknað með þeim gjöldum sem nú eru lögbundin, þ. e. 5,5% útflutningsgjald og 10% gjald í gengismunarsjóð.

Eins og áður sagði vantar við þessi skilyrði rúmlega 18% upp á að söluverðmæti hrökkvi fyrir kostnaði fengjust allar birgðirnar greiddar um áramót.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp sem heimilar stjórn skreiðardeildar Verðjöfnunarsjóðs að ákveða fyrirframgreiðslu til framleiðenda. Ekki hefur verið unnt að taka tillit til þessa hér þar sem reglur hafa enn ekki verið settar. Þó er ljóst að þetta bætir stöðuna nokkuð.

Með bráðabirgðalögum þeim sem sett voru í maí s. l., var m. a. kveðið á um upptöku gengismunar af sjávarafurðum. Skreiðarframleiðendur telja að í ljósi upplýsinga um stöðu skreiðarverkenda nú sé grundvöllur brostinn fyrir þessari gjalddöku. Nefndin hefur því sett fram ósk um að fallið verði frá þessari gjalddöku af skreiðarbirgðum þeim sem nú eru til í landinu. Verði á það fallist lagast staða framleiðenda að mun, eða sem svarar um 12% miðað við tekjur. Hér er því um að ræða afar þýðingarmikið atriði.

Hagsmunanefnd skreiðarframleiðenda hefur einnig lagt mikla áherslu á að útflutningsgjald af skreið verði lækkað um helming, úr 5,5% í 2,75%. Þessi aðgerð ein sér mundi laga stöðuna um tæp 3%. Á það má minna að útflutningsgjald af frystum sjávarafurðum var lækkað úr 5,5% í 4,5% á árinu 1981 og útflutningsgjald af skreið hækkað í 10%, enda þá talið góðari í greininni.

Þessar tvær óskir skreiðarframleiðenda varðandi gengismun og útflutningsgjald þýða því að staðan batnar um 15% samanlagt.

Í því tilviki að 18% vantaði upp á að söluverðmæti nægði fyrir kostnaði var við það miðað að allar birgðirnar greiddust um næstu áramót. Fullljóst er þó að svo verður ekki. Á næsta ári er því óhjákvæmilegt að nokkur kostnaður bætist við. Að mestu stafar það af því að áfram þarf að greiða vexti af þeim lánum sem tekin hafa verið en einnig kemur til nokkur launakostnaður, m. a. vegna þökkunar o. fl. Reiknað hefur verið út að viðbótarkostnaður af þessum sökum sé ríflega 2 kr. á kg fyrir hvern mánuð.

Bjartsýnar áætlanir gera ráð fyrir að um 10. þús. tonn af skreið og hausum verði greidd um áramót, 6750 tonn greiðist um mitt næsta ár og 4500 tonn af skreið greiðist í lok september 1984. Þegar tekið er tillit til stöðunnar nú, svo og þess viðbótarkostnaðar sem til fellur á hluta skreiðarbirgðanna á næsta ári, má gera ráð fyrir að tap á birgðunum verði tæpar 600 m. kr. sé ekkert að gert. Verði hins vegar fallið frá upptöku gengismunar og útflutningsgjald lækkað verður tapið um 230 m. kr. minna. Þessu til viðbótar koma svo verðjöfnunargreiðslur sem væntanlega verða ekki lægri en 150 m. kr. í heild.

Af þessu má ráða að hér er um að ræða gifurlegar fjárhæðir og mikið vantar á að unnt sé að jafna tapið að fullu. Skreiðarframleiðendur verða óhjákvæmilega fyrir miklu tjóni vegna þeirra ófyrirsjáanlegu markaðsaðstæðna sem nú ríkjast í Nígeríu.

Í þessu sambandi má minna á að norskir skreiðarframleiðendur, sem eru helstu keppinautar Íslendinga á skreiðarmarkaði, hafa fengið mjög þýðingarmikla fyrirgreiðslu úr ríkissjóði til að komast yfir erfiðleikatímabilið nú. Íslenskir skreiðarframleiðendur hafa ekki farið fram á hliðstæða fyrirgreiðslu, heldur einungis það að a. m. k. um tíma haldi þeir eftir stærri hluta af þeim gjaldeyrstekjum sem þeir skapa svo að ekki komi til varanlegs afturkipps í þessari þýðingarmiklu atvinnugrein.

11. nóv. 1983.

Fylgiskjal IV.

Minnisatriði eftir fund skreiðarframleiðenda með sjávarútvegsnefndum Alþingis

2. febrúar 1984.

SAMBAND FISKVINNSLUSTÖÐVANNA

9. febrúar 1984.

Erindi skreiðarframleiðenda var að óska eftir því að ekki verði tekinn gengismunur af skreið sem greiðist eftir 1. janúar 1984.

Í athugun, sem gerð var að tilhlutan samtaka skreiðarframleiðenda, kemur fram að kostnaður við framleiðslu og birgðahald þeirrar skreiðar, sem enn er ógreidd frá fyrri árum, sé um 600 m. kr. umfram væntanlegt söluverðmæti. Greiðslur úr skreiðardeild Verðjöfnunarsjóðs bæta þessa stöðu um 130 m. kr. og standa þá enn eftir um 470 m. kr. sem ójafnað rekstrartap vegna framleiðslunnar.

Í áætlun frá síðasta vori var gert ráð fyrir að skreiðarframleiðendur mundu greiða um 150 m. kr. í gengismunarsjóð. Nú þegar hafa verið greiddar um 50 m. kr. Væri samþykkt að falla frá upptöku gengismunar af skreið frá síðustu áramótum fengjust því um 100 m. kr. upp í tapið. Eftir stæðu þá 370 m. kr. sem óleystur vandi.

Af þessu sést að því fer fjarri að afnám gengismunar sé endanleg lausn á vanda skreiðarframleiðenda. Mun meira þarf til að koma þótt markið sé ekki sett hærra en á „núllpunktinn“.

Á árinu 1981 var afkoma í skreiðarverkun talin allgöð. Í ljósi þeirrar stöðu var lagt á greinina mun hærra útflutningsgjald en á aðrar greinar fiskvinnslu. Það fé sem með þessum hætti var tekið af skreiðarverkendum og fært til annarra jafngildir miðað við gengi bandaríkjadollars nú um 200 m. kr. Fjárhagsstaða fyrirtækja í skreiðarverkun væri að sjálfsögðu mun betri ef þetta fé hefði ekki verið tekið úr greininni.

Með vísan til þess að ekki stóð á sérstakri skattlagningu í góðærinu 1981 hlýtur það að teljast réttlætismál að þegar sé gripið til viðhlítandi ráðstafana þegar svo illa árar sem nú er raun á.